

Úrskurður
úrskurðarnefndar Póst- og fjarskiptamála
í máli nr. 4/2012

X¹

gegn

Póst- og fjarskiptastofnun

I. Hin kærða ákvörðun og kröfur málsaðila

Þann 14. mars 2012 barst úrskurðarnefnd kæra X² vegna ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 31/2011, frá 16. desember 2011, um kvartanir vegna lokunar á aðgangi að tilteknum heimasíðum. Kæran er dagsett 10. mars 2012.

Kærandi gerir þær kröfur að ákvörðun PFS nr. 31/2012 verði ógilt og í stað hennar kveði úrskurðarnefnd á um að „*ritskoðun þeirri sem Síminn og Vodafone hafi viðhaft, verði hætt. Þá krefst kærandi þess að PFS hljóti áminningu fyrir ófaglega ákvörðunartöku.*“

II. Helstu málavextir

Forsögu máls þessa má rekja til kæru kæranda á ákvörðun PFS nr. 8/2011, dags. 4. apríl 2011, sem með úrskurði úrskurðarnefndar nr. 5/2011 var felld úr gildi og PFS falið að taka málið til nýrrar meðferðar og ákvörðunar. Kærandi hafði afhent úrskurðarnefnd umrædda kæru þann 18. júlí 2011 en hún var dagsett 25. júní 2011. Þannig var ljóst að hefðbundinn kærufrestur var liðinn þegar kæran barst úrskurðarnefnd. Þar sem kærandi hafði óskað eftir endurupptöku málsins við PFS þann 10. apríl 2011 var litið svo á að kærufrestur hefði rofnað þann dag og hann byrjað aftur að líða þann 18. apríl 2011 þegar PFS tilkynnti kæranda að

¹ Felld niður vegna trúnaðar

² Felld niður vegna trúnaðar

málið yrði ekki endurupptekið og vísaði til mögulegrar kæruleiðar. Var því litið svo á að kæra kæranda væri innan kærufrests og tók úrskurðarnefndin málið til efnislegrar meðferðar svo sem áður greinir.

Kæra sú sem hér er til skoðunar, þar sem kærð er ákvörðun PFS nr. 31/2011 frá 16. desember 2011, er dagsett 10. mars sl. og barst hún úrskurðarnefnd þann 14. mars sl. Þar kemur m.a. fram að vegna ruglings við almennan kærufrest í stjórnslulögum hafi kærandi miðað við þriggja mánaða frest til að skjóta ákvörðun PFS til nefndarinnar. Einnig hafi kæranda vegna mikilla persónulegra anna ekki verið fært að einbeita sér að framsetningu kærunnar.

III. Niðurstöður

Í kæru kemur fram að mál þetta hafi verið kært eftir að kærufrestur var liðinn. Kærandi ber annars vegar fyrir sig að hann hafi talið að kærufrestur væri þrjú mánuðir í samræmi við stjórnslulög og hins vegar hafi honum vegna mikilla anna verið ómögulegt að kæra ákvörðunina fyrir.

Í lögum nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun kemur fram að ákvarðanir PFS sæti kæru til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Skuli kæran berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því að viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun PFS, sbr. 1. mgr. 13. gr. laganna. Í reglugerð nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála er fjallað um kærufrest í 5. gr. Þar segir að kæru skuli beina til úrskurðarnefndar innan fjögurra vikna frá því kæranda varð kunnugt um ákvörðun PFS. Kæru sem berst eftir lok fjögurra vikna kærufrests skal að öllu jöfnu vísa frá nefndinni, nema afsakanlegt verði talið að kæran hafi ekki borist fyrir eða veigamiklar ástæður mæli með því að kæran verði tekin til meðferðar. Er þannig um sömu skilyrði að ræða og sett eru fram í 28. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Hin kærða ákvörðun var tekin þann 16. desember 2011 og lauk kærufresti því þann 16. janúar 2012. Kæran barst úrskurðarnefnd þann 14. mars sl. eða tæpum tveimur mánuðum eftir að kærufresti lauk. Kemur þá til skoðunar hvort að afsakanlegt hafi verið að kæran hafi ekki borist fyrr. Fyrir liggur að í hinni kærðu ákvörðun var skýrt kveðið á um kærheimild og um tímalengd kærufrests. Var það einnig gert í eldri ákvörðun PFS nr. 8/2011 Kæranda hefði jafnframt mátt vera kunnugt um lengd kærufrests vegna kæru til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála þar sem um hann var sérstaklega fjallað í úrskurði nefndarinnar vegna fyrri kæru kæranda. Þar af leiðandi telur nefndin ekki fært að líta svo á að afsakanlegt sé að kæran hafi borist eftir lok kærufrests í skilningi 28. gr. stjórnslulaga eða 5. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Kemur þá til skoðunar hvort veigamiklar ástæður mæli með því að kæran sé tekin til efnismeðferðar. Við mat á því ber að líta til hagsmuna aðila máls svo og almannahagsmuna, t.a.m. hvort um mál sé að ræða sem haft geti þýðingarmikið fordæmisgildi. Að mati úrskurðarnefndar fjallar hin kærða ákvörðun ekki um þess háttar hagsmuni eða sé þannig vaxið að veigamiklar ástæður mæli með því að kæran sé tekin til efnismeðferðar, þrátt fyrir að hafa borist tveimur mánuðum eftir að kærufrestur rann út.

Með vísan til alls framangreinds verður umræddri kæru vísað frá úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.


Vilji aðili ekki una úrskurði nefndarinnar getur hann borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun.


IV. Úrskurðarorð

Kæru X³ á ákvörðun PFS nr. 31/2011 er vísað frá.
Málkostnaður nefndarinnar kr. 198.000,- greiðist úr ríkissjóði

Reykjavík, 2. apríl 2012


Jóna Björk Helgadóttir


Brynja I. Hafsteinsdóttir



Kirstín Flygenring

³ Felld niður vegna trúnaðar.